

Fimmtudaginn 12. júní 1997.

Nr. 246/1997. **X**

(Brynjar Níelsson hdl.)

gegn

dóms- og kirkjumálaráðuneytinu

(Gunnar Jónsson hrl.)

Kærumál. Lögræði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 5. júní 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 10. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. maí 1997, þar sem hafnað var beiðni sóknaraðila um, að sjálfræðissvipting hans frá 25. janúar 1993 yrði felld úr gildi. Kæruheimild er í 10. gr. lög-ræðislaga nr. 68/1984. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér veitt sjálfræði að nýju. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Sóknaraðili var með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 25. janúar 1993 sviptur sjálfræði á grundvelli a-liðar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 68/1984, þar sem hann var ófær um að ráða persónulegum högum sínum vegna langvinns geðsjúkdóms. Þau læknisfræðilegu gögn, sem lögð hafa verið fram í málinu, eru vitnisburður og vottorð geðlæknis, sem annast hefur sóknaraðila. Þar kemur fram, að sóknaraðili hefur yfir tuttugu sinnum verið lagður inn á geðdeild frá árinu 1995 vegna versnandi rugleinkenna og geðklofaeinkenna. Þá segir í vottorði geðlæknisins: „Mitt mat er, að X þarf stöðugt að vera sviptur, svo að heilbrigðisyrðiröld og stofnanir geti vistað hann, þegar aðrir möguleikar í samfélaginu duga ekki. Það hefur verið reynslan síðustu árin, enda hefur hann verið hér inni meira og minna stöðugt hvern mánuð 1, 2-3 vikur í einu og stuttan tíma úti í samfélaginu.“

Samkvæmt þessu er ekki fullnægt skilyrðum 2. mgr. 9. gr. laga nr. 68/1984 til að verða við kröfu sóknaraðila um að fella úr gildi sjálf-

ræðissviptingu hans. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur og skipuðum verjanda sóknaraðila dæmd þóknun vegna kæru málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Þóknun skipaðs verjanda sóknaraðila, Brynjars Níelssonar héraðsdómslögmanns, vegna meðferðar málsins fyrir Hæstarétti, 20.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. maí 1997.

Ár 1997, föstudaginn 23. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í lögræðismálinu nr. 11/1997.

Með beiðni 20. febrúar sl. hefur Brynjar Níelsson hdl. fyrir hönd X, f. 1955, farið fram á það, að X verði að nýju veitt sjálfræði, sem hann var sviptur með úrskurði dómsins 25. janúar 1993, og var málið þingfest 24. mars sl. og tekið til úrskurðar 22. þ. m.

Um aðild sóknaraðila vísast til 1. mgr. 9. gr. lögræðislaga nr. 68/1984. Í beiðninni kemur fram, að ástæða hennar er sú, að sóknaraðili telur, að um ástæður fyrir sjálfræðissviptingunni sé ekki lengur að ræða, og geti hann þrátt fyrir geðræn vandamál fyllilega ráðið persónulegum högum sínum. Þá færir hann fram þær ástæður einnig, að hann hafi nauðugur mátt þola lækni meðferð, þ. e. lyfjagjöf og sjúkrahúsvist. Telur hann lyfjagjöf þessa vera tilgangslausa og stofni auk þess líkamlegri heilsu sinni í voða. Geti hann ekki losnað undan þessari lyfjagjöf, meðan hann sé sviptur sjálfræði.

Sóknaraðili var sviptur sjálfræði, þar sem hann var haldinn langvinnum geðsjúkdómi. Hafði hann ekki innsæi í sjúkdóminn, neitaði að taka lyf og var ekki til samvinnu um lækni meðferð. Fyrir dóminum hefur verið leitt í ljós, að sóknaraðili er enn haldinn sama sjúkdómi og aðstæður hans að mestu óbreyttar. Eru því ekki efni til þess að verða við beiðni hans um að fella sjálfræðissviptinguna úr gildi.

Með heimild í 1. mgr. 11. gr. lögræðislaga ber að ákveða talsmanni sóknaraðila, Brynjari Níelssyni hdl., 30.000 krónur í þóknun úr ríkissjóði.

1904

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Synjað er beiðni sóknaraðila, X, f. 1955, um, að sjálfræðissvipting hans frá 25. janúar 1993 verði felld úr gildi.

Þóknun talsmanns sóknaraðila, Brynjars Níelssonar hdl., 30.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.
